

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 19. febrúar 2019, í máli nr. S-670/2018:

**Ákærvaldið**

*(Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**Fannari Daða Hreinssyni**

*(Daniel Reynisson lögmaður)*

Mál þetta, sem dómtekið var 30. janúar sl., er höfðað með ákæru útgefni af héraðssaksóknara 1. nóvember 2018 á hendur Fannari Daða Hreinssyni, kennitala [...], fyrir brot gegn blygðunarsemi og stórfelldar ærumeiðingar gegn fyrrum kærustu sinni, A, fæddri [...], á árinu 2016, með háttsemi sem særði blygðunarsemi hennar og móðgaði hana og smánaði, er hér greinir:

1. Með því að hafa skrifað eftirfarandi ummæli við mynd af A, sem birt var 27. janúar í Facebookhópnum, [...], undir notandanafninu [...]: [...]
2. Með því að hafa [...] sett andlitsmynd af A inn á vefsíðuna ..., undir notandanafninu [...], og skrifað eftirfarandi texta: „A [...].
3. Með því að hafa að kvöldi [...]og aðfaranótt [...] sett inn á vefsíðuna .. þrjár myndir, sem ákærði hafði tekið af henni er þau voru í sambandi, 9. desember 2015, og sýndu A fáklædda, undir notandanafninu [...], og skrifað eftirfarandi texta undir tvær myndanna: „ [...].

Er þetta talið varða við 209. gr. og 233. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu brotþola er gerð sú krafa á hendur ákærða að hann verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur ásamt vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 31. janúar 2016 til þess dags er mánuður er liðinn frá því bótakrafan var kynnt ákærða en með dráttarvöxtum eftir þann dag, skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, til greiðsludags. Að auki er gerð sú krafa að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola skaðabætur á grundvelli I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna þess tjóns sem hún varð fyrir í árásinni. Ítarlegri kröfugerð verður lögð fram undir rekstri málsins. Í öllum tilvikum er gerð krafa um þóknun við réttargæslu úr hendi ákærða samkvæmt mati réttarins.

Ákærði neitar sök. Af hálfu verjanda er aðallega krafist sýknu, en til vara vægustu refsingar. Þá er þess krafist að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi, ellegar að dæmdar bætur verði lækkaðar verulega. Loks er þess krafist að allur

sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 15. desember 2016 mætti brotþoli á lögreglustöð til að leggja fram kærú á hendur ákærða. Við það tækifæri var tekin skýrsla af brotþola þar sem hún lýsti því hvernig hún hefði kynnst ákærða á árinu 2015 í gegnum samskiptamiðilinn fésbók. Þau hefðu í framhaldi aðallega hist um helgar allt þar til sambandi þeirra hefði lokið í janúar 2016. Ákærði hefði, 27. janúar 2016, skrifað ummæli við mynd af brotþola inni á fésbókarhóp þar sem ákærði hefði sagt brotþola vera [...]. Hann hefði síðan, [...], sett andlitsmynd af brotþola inn á vefsíðuna ... og skrifað þar texta þess efnis að brotþoli væri [...], sett inn á sömu vefsíðu þrjár myndir af brotþola sem ákærði hefði tekið er þau voru í sambandi. Myndirnar hefðu sýnt brotþola fáklædda. Ákærði hefði skrifað texta við myndirnar um að [...].

Í framhaldi af kærúnni sendi brotþoli lögreglu tölvupóst með myndum sem sýndu brotþola hálfnakta. Myndunum fylgdi meiðandi texti. Eins lét brotþoli lögreglu fá afrit af fésbókarfærslunum sem innihéldu hinn meiðandi texta. Gögn þessi eru á meðal rannsóknargagna málsins. Lögregla hefur ritað upplýsingaskýrslu, 17. september 2018, um rannsókn á myndum af brotþola sem birtust á vefsíðunni ... í [...] og [...]. Fram kemur að leitað hafi verið svars við því frá vefsíðunni hver hefði staðið að baki myndbirtingunni. Svar hefði borist um að ekki væru lagaleg skilyrði til að veita slíkar upplýsingar. IP tala notanda hafi komið fram en samkvæmt upplýsingum frá Nova ehf., þar sem umrædd IP tala hafi verið skráð, hefði ekki verið hægt að finna út hver sá notandi væri. Um væri að ræða hluta af almennum tölum sem Nova ehf. úthlutaði og gætu margir notendur tengst sömu tölunni. Þá gætu þeir ekki flett upp tölum svo langt aftur í tímann.

Miðvikudaginn 11. janúar 2017 lagði lögregla hald á síma ákærða í þágu rannsóknar málsins. Á meðal gagna þess er upplýsingaskýrsla lögreglu frá 3. mars 2017 um skoðun á farsíma ákærða af gerðinni Samsung Galaxy. Fram kemur að gögn símans hafi verið spegluð yfir á mynddisk. Þrjár myndir sem birst hefðu af brotþola á vefsíðunni ... hafi verið inni á símanum. Brotþoli hafi verið nakin á þessum myndum sem teknar hafi verið 9. desember 2015.

Lögregla hefur, 3. maí 2018, ritað upplýsingaskýrslu vegna skoðunar á farsíma í eigu ákærða af gerðinni Motorola. Fram kemur að um hafi verið að ræða sex myndir af brotþola. Þær hafi allar verið teknar 9. desember 2015 á fimm mínútna tímabili, frá kl. 00.18.42 til 00.23.43. Síðasta notkun þeirra í símtækinu hafi verið [...], frá kl. 13.03 til kl. 08.00 þann [...].

Á meðal gagna málsins er vottorð 31. maí 2018 frá Stígamótum. Samkvæmt því hafi brotþoli sótt viðtöl hjá Stígamótum frá 12. mars 2018 í þrjú skipti og

hyggist hún halda því áfram. Hún hafi lýst kvíða, depurð, einangrun og skömm og erfiðleikum við daglega virkni.

Ákærði hefur skýrt þannig frá atvikum að hann hafi kynnst brotþola á samskiptasíðunni fésbók á árinu 2015. Í upphafi hafi brotþoli sagt að hún væri fædd árið [...], en síðar komið í ljós að hún væri fædd árið [...]. Ákærði kvaðst sömuleiðis hafa sagt rangt til um aldur sinn í upphafi. Hafi hann sagt brotþola að hann væri 23ja ára, en hann hafi í raun verið 28 ára. Þau hafi verið saman í um eitt ár, en sambandi þeirra hafi lokið í janúar 2016. Á meðan á sambandi þeirra hafi staðið hafi gengið á ýmsu og sambandið talsvert einkennst af kynlífi og neyslu fíkniefna. Þau hafi m.a stundað endaðarmsmök og munnmök. Þau hafi hist allar helgar á meðan þau hafi verið saman.

Brotþoli hafi verið „erfið“ manneskja og á þessum tíma m.a. haldið fram hjá ákærða. Hún hafi einnig talað um að hún hefði verið beitt kynferðisofbeldi áður en þau kynntust. Þegar þau hafi kynnst hafi hún búið í foreldrahúsum úti á landi. Ákærði hafi á þessum tíma sjálfur búið annars staðar úti á landi en flutt í bæinn á árinu 2015. Hann hafi verið dæmdur í fangelsi fyrir tiltekna háttsemi og af þeim sökum setið inni í þrjá mánuði á árinu 2015 en losnað í nóvember það sama ár. Á þeim tíma sem ákærði hafi setið inni hafi brotþoli haldið fram hjá honum og hann komist að raun um það. Engin leiðindi hafi orðið þó honum hafi ekki liðið vel með þetta. Brotþoli hafi einhverju sinni hótad ákærða því að ef hann hætti með henni myndi hún krefja hann um peninga. Ákærði kvaðst aldrei hafa beitt brotþola ofbeldi og hafi samskipti þeirra yfirleitt verið góð. Það hafi skipt brotþola miklu máli að allir elskuðu hana.

Ákærði kvaðst viðurkenna að hafa skrifað ummæli við mynd af brotþola inn á fésbókarhópinn [...], [...], samkvæmt 1. tl. ákæru. Honum hafi fundist hann ganga of langt og því ákveðið að taka færsluna út aftur. Hafi færslan verið inni í um klukkustundu. Á þessum tíma hafi hann verið mjög sár út í brotþola. Hún hafi „selt“ sig til annars manns fyrir bók sem maðurinn hafi keypt fyrir hana. Atvikið hafi átt sér stað um jólin 2015 og viðkomandi einstaklingur hafi sagt honum frá þessu. Brotþoli hafi síðar viðurkennt atvikið fyrir honum.

Ákærði kvaðst hafa kallað brotþola [...] en hún hafi einnig verið kölluð [...] af einhverjum. Hann kvaðst ekki muna hvort brotþoli hafi haft samband vegna atviksins í 1. tl. ákæru til að fá ákærða til að taka færsluna út. Hann hafi tekið þær myndir sem birst hafi á vefsíðunni ..., en ekki hafa sett myndirnar eða færslurnar samkvæmt 2. og 3. tl. ákæru inn. Myndir samkvæmt 3. tl. hafi hann tekið í desember 2015. Þær hafi verið teknar heima hjá honum og hafi hann verið að „fíflast“ er hann hafi tekið myndirnar. Hann hafi m.a. beðið brotþola um

að „pósa“ en hún hafi sent honum fingurinn á móti. Við skýrslugjöf hjá lögreglu hefði hann lýst því að myndirnar hefði hann tekið á síma brotaþola. Hið rétta væri að hann hefði tekið myndirnar á Motorolasíma sinn. Hann hefði tekið margar myndir af brotaþola en þessar myndir er fram kæmu í ákæru væru einungis hluti þeirra. Ákærði kvaðst hafa verið með google-reikning á þessum tíma og myndirnar hafi verið geymdar inni á þeim reikningi. Afrit af myndunum hafi verið inni á símanum. Hann hafi gefið vini sínum, B, Motorolasímamann sinn fljótlega eftir að myndirnar hefðu verið teknar á hann. Margir hafi verið með aðgang að google-reikningi ákærða, brotaþoli þar á meðal. Hann hafi verið með tölvu á heimili sínu á þessum tíma og hafi allir þeir sem komið hafi á heimilið getað farið inn í tölvuna og inn á google-reikninginn og þannig komist yfir myndirnar. Ákærði kvaðst telja sennilegt að B hafi losað sig við símann og hann þannig komist í hendur einhverra annarra og myndirnar þar með. Hann hafi farið inn á síðuna [...] og það væri hrein tilviljun að það hefði verið á sama tíma og myndirnar hefðu verið settar inn. Hann hefði farið inn á síðuna í gegnum Samsung símann sinn og myndirnar af síðunni þannig komist inn í síma hans. Ákærða grunaði brotaþola um að hafa sjálfa sett myndirnar inn á síðuna ...

Brotaþoli kvaðst hafa búið úti á landi á yngri árum. Þegar hún hafi verið 17 ára hafi hún verið vinnufélag og leitað inn á samskiptamiðilinn fésbók til að kynna einhverjum. Hún hafi séð ákærða virkan þar inni en hann hafi sett mikið inn á síðuna. Það hafi verið í byrjun febrúar 2015 að þau hafi farið að tala saman inni á síðunni og að lokum hafi ákærði beðið um símanúmer hennar. Hún hafi gefið það upp og ákærði hringt í hana. Hann hafi beðið brotaþola um að byrja í sambandi með sér. Þau hafi hist og stundað kynlíf saman. Í framhaldinu hafi þau tekið upp samband og hist um helgar þegar brotaþoli hafi verið í fríi úr skólanum. Þau hafi stundað endaðarmsmök og munnmök, svokölluð „deep throat“ sem hann hefði viljað en slíkt hefði hún ekki gert áður. Ákærði hafi notað mikið af fíkniefnum og keypt áfengi og hass sem þau hafi notað. Sumarið 2015 hafi eina vinkona brotaþola fallið frá og ákærði þá verið sá eini sem hún hafi átt að. Haustið 2015 hafi hún byrjað í námi í menntaskóla á höfuðborgarsvæðinu og eignast þar vini. Hún hafi greint vinum sínum frá sambandi sínu við ákærða og þeim hafi fundist skrytið að hún væri með honum. Hún hafi lánað ákærða talsverða peninga og af þeim sökum hafi hún átt erfitt með að slíta sambandinu við hann. Það hafi hún þó ákveðið að gera og skrifað honum bréf þess efnis. Hann hafi reiðst og ráðist á lögreglumann í kjölfarið. Með því hafi hann rofið skilorð sem hann hafi verið á og af þeim sökum hafi hann verið settur inn.

Á meðan ákærði hafi setið inni hafi hann beðið brotaþola um að trúlofast sér sem hún hafi samþykkt. Í janúar 2016 hafi brotaþoli hitt mann sem farið hafi heim

með henni. Hún hafi haft kynmök við manninn og hann í staðinn keypt bók fyrir hana. Hún hafi sagt ákærða frá þessu. Brotþoli kvaðst hafa sofið hjá einhverjum fleirum á meðan ákærði hafi verið í afplánun. Hún myndi ekki eftir því hvort hún hefði sagt ákærða frá því. Hún hafi síðan tekið ákvörðun um að slíta sambandi sínu og ákærða og tilkynnt honum það símleidis. Hann hafi komið næsta dag. Hún hafi verið hrædd við hann og ekki þorað öðru en að hleypa honum inn heima hjá sér. Hann hafi viljað fá fjármuni frá henni og hún þá lagt 80.000 krónur inn á ákærða. Þau hafi hætt saman 8. janúar 2016. Brotþoli kvaðst sjálf hafa tekið andlitsmynd af sér sem fram komi í ákæru. Ákærði hafi tekið aðrar myndir af brotþola samkvæmt ákæru, og ekki leitað eftir samþykki hennar fyrir þeim. Myndirnar hafi verið teknar á Motorolafarsíma er ákærði hafi átt. Brotþoli kvaðst hafa fengið skilaboð um að færsla væri komin inn á fésbókarsíðu um brotþola, sbr. 1. tl. ákæru. Hún hafi hringt í ákærða og krafist þess að hann tæki færsluna út. Síðar hafi hún frétt að myndir af henni væru inni á vefsíðunni ... Í huga hennar væri öruggt að ákærði hefði sett þær myndir ásamt færslunum við þær inn. Engum öðrum hafi verið það mikið í nöp við hana að hann færi að setja slíkar myndir og athugasemdir inn á síðuna og enginn nema hann hafi talað um að brotþoli [...]. Þá hafi enginn nema ákærði haft aðgang að þessum myndum. Eftir birtingu færslanna hafi brotþoli fengið skilaboð frá mönnum sem inntu hana eftir því hvort hún væri að [...]. Henni hafi líðið illa vegna alls þessa. Fyrir hafi hún glímt við þunglyndi en það orðið mun verra eftir þetta. Þá hafi hún orðið mjög kvíðin og henni fundist líf sitt búið. Hún hafi verið hrædd og hætt að treysta fólki og leitað til sálfræðings til að aðstoða sig.

Vitnið B kvaðst hafa verið vinur ákærða og þeir búið saman á tveimur tímabilum á árunum 2015 til 2016. Ákærði hafi umgengist talsvert af fólki á þessum tíma. Haustið 2015 hafi ákærði búið með stúlku í [...] og kvaðst vitnið muna eftir einhverjum nektarmyndum inni á tölvu hans. Ákærði hafi verið með borðtölvu er þeir hafi búið saman en vitnið verið með fartölvu. Vitnið kvaðst aldrei hafa farið inn á tölvu ákærða og ákærði hafi ekki sýnt vitninu inn á google-reikning sinn. Vitnið kvaðst muna eftir að ákærði hafi verið með Motorolafarsíma og hafi hann séð ákærða reyna að hreinsa út af símanum sama dag og ákærði hefði verið í yfirheyrslu hjá lögreglu. Vitnið kvaðst ekki vita um þennan síma að öðru leyti og hafi ákærði sennilega fargað honum. Síminn hafi verið tengdur við google-reikning ákærða. Ákærði hafi ekki látið vitnið fá Motorolasímann til láns eða eignar.

Fyrir dóminn komu rannsóknarlögreglumenn sem staðfestu þátt sinn í rannsókn málsins.

*Niðurstaða:*

Ákærða er í 1. tl. ákæru gefið að sök að hafa skrifað ummælin: [...] við mynd af brotaþola sem birtust í tilgreindum facebookhóp 27. janúar 2016. Ákærði hefur viðurkennt að hafa skrifað þessi ummæli og birt samkvæmt ákærunni. Hann hafi tekið þau út um klukkustundu eftir að þau voru birt. Hann neitar þrátt fyrir það sök samkvæmt ákæru. Í tilgreindum ummælum, sem birtust við mynd af brotaþola, felast stórfelldar ærumeiðingar, auk þess sem þær eru brot gegn blygðunarsemi. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt þessum tölulið ákæru og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í þessum lið.

Í 2. og 3. tl. ákæru er ákærða gefið að sök að hafa sett myndir af brotaþola inn á vefsíðuna ... með tilteknum texta. Í 2. tl. að hafa skrifað við andlitsmynd af brotaþola: „A [...]. Í 3. tl. er ákærða gefið að sök að hafa sett inn á vefsíðuna þrjár myndir, sem sýndu brotaþola fáklædda og skrifað undir myndirnar: [...].

Ákærði neitar sök samkvæmt 2. og 3. tl. ákæru. Hann kveðst hafa tekið myndir samkvæmt 3. tl. ákæru af brotaþola. Hann hafi hins vegar ekki sett myndirnar á netið.

Við mat á sök samkvæmt 2. og 3. tl. ákæru er til þess að líta að ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið myndir samkvæmt 3. tl. ákæru á Motorola farsíma er ákærði hafi átt. Þá er til þess að líta að í texta samkvæmt 2. tl. er vísað til þess að brotaþoli hafi [...] og í 3. tl. til þess að hún hafi verið með manni sem textahöfundur þekki og að hún hafi [...]. Kemur þetta heim og saman við þá lýsingu brotaþola að hún hafi stundað kynmök með manni sem keypt hafi fyrir brotaþola bók fyrir 10.000 krónur. Ákærði hafi vitað það. Þá er í 3. tl. vísað til þess að brotaþoli stundi anal kynmök og munnmök, eða svökölluð „deep throat“. Ber brotaþola og ákærða saman um að þau hafi stundað þannig kynlíf. Loks er til þess að líta að myndirnar sem birtust af brotaþola fáklæddri fundust bæði á Samsung farsíma ákærða sem og á Motorola farsíma er ákærði átti. Síðast var átt við myndirnar í Motorolafarsímanum sama dag og þær birtust á vefsíðunni ..., dagana [...] Þegar til þessara atriða er litið er hafið yfir allan vafa að ákærði hafi sett þessar myndir og textana inn á vefsíðuna. Með því að birta þessar myndir af brotaþola og meðfylgjandi texta samkvæmt 2. og 3. tl. ákæru fólust stórfelldar ærumeiðingar í garð brotaþola sem og brot gegn blygðunarsemi. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt báðum þessum töluliðum ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði er fæddur í [...]. Hann á að baki sakaferil. Hann hefur frá árinu 2014 alls fimm sinnum verið dæmdur fyrir hegningarlagabrot og umferðarlagabrot. Hér er ástæða til nefna að ákærði var 5. febrúar 2016 dæmdur í 12 mánaða fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundið, fyrir brot gegn 106. gr., 1. mgr. 232. gr. og 1. mgr. 232. gr., sbr. 20. gr. og 217. gr. laga nr. 19/1940. Að auki var um að ræða brot

gegn umferðarlögum. Þá var ákærði 25. apríl 2017 dæmdur í tíu mánaða fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundið, fyrir brot gegn umferðarlögum. Var skilorðsdómurinn frá 2016 tekinn upp og dæmdur með. Loks var ákærði 12. júlí 2017 dæmdur í 18 mánaða fangelsi, þar af 17 mánuði skilorðsbundið, fyrir brot gegn 231. gr., 1. mgr. 257. gr. og 217. gr. laga nr. 19/1940. Var skilorðsdómurinn frá 25. apríl 2017 þá dæmdur upp. Brot ákærða samkvæmt 1. tl. ákæru eru framin fyrir refsídóm sem ákærði var dæmdur í 5. febrúar 2016. Brot samkvæmt 1., 2, og 3. tl. eru framin áður en ákærði var dæmdur 25. apríl og 12. júlí 2017. Eru brotin sem nú er dæmt um því hegningarauki við þessa dóma og verður ákærða ákveðin refsing með hliðsjón af 78. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 77. gr. laganna.

Sem fyrr greinir var ákærði dæmdur 12. júlí 2017 í 18 mánaða fangelsi, þar af 17 mánuði skilorðsbundið í tvö ár. Ekki er kostur annars en að gera ákærða nú viðbótarrefsingu við fyrri blandaða skilorðsdóminn, til samræmis við ákvæði 78. gr. laga nr. 19/1940. Við ákvörðun þeirrar refsingar er til þess að líta að samkvæmt 57. gr. a laga nr. 19/1940 er einungis heimilt að allt að þrjú mánuðir fangelsisrefsingar verði óskilorðsbundnir en aðrir hlutar skilorðsbundnir, þegar um blandaða dóma er að ræða. Þá er til þess að líta að langt er um liðið síðan brot þetta var kært til lögreglu. Sá verulegi dráttur hefur áhrif á ákvörðun refsingar. Til hins er að líta að brot ákærða eru alvarleg. Verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í sex mánuði, sem skilorðsbinda verður að hluta til, sem í dómsorði nánar greinir.

Af hálfu brotaþola er krafist greiðslu miskabóta, úr hendi ákærða, að fjárhæð 2.500.000 krónur auk vaxta. Þá er krafist skaðabóta á grundvelli I. kafla skaðabótalaga. Fallið hefur verið frá kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu og að henni verði vikið til meðferðar í sérstöku einkamáli. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn blygðunarsemi og stórfelldar ærumeiðingar gegn brotaþola. Þó svo ekki liggi fyrir sérfræðileg gögn um afleiðingar brotsins, eru brot sem þessi til þess fallin að valda brotaþola miskatjóni. Er til þess að líta að upplýsingar sem sendar eru inn á vefsíður, eins og ákærði gerði, dreifast um samfélagsmiðla og er engin leið að vita hvar þær eru niðurkomnar. Þá liggja fyrir upplýsingar um að textar við myndir á vefmiðlinum ..., samkvæmt ákæru, eru enn inni á þeim vefmiðli. Þýr brotaþoli því við að upplýsingar um hana, sem hér er ákært fyrir, verði varðveittar um óvissa framtíð inni á vefsíðunni. Er miskatjón brotaþola því mikið. Verður ákærði dæmdur til að greiða brotaþola 1.600.000 krónur í miskabætur. Um vexti fer sem í dómsorði greinir. Ekki er í öðrum lið skaðabótakröfunnar, um skaðabætur á grundvelli I. kafla skaðabótalaga, krafist tilgreindrar fjárhæðar. Er krafan því vanreifuð og verður henni vísað frá dómi án kröfu.

Ákærði greiði sakarkostnað, málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanna brotaþola, sem nánar greinir í dómsorði. Hefur þá verið

tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá greiði ákærði útlagðan kostnað verjanda, sem í dómsorði greinir, en um er að ræða aksturkostnað.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir saksóknari.

Símon Sigvaldason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Fannar Daði Hreinsson, sæti fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu fjögurra mánaða refsingarinnar og falli sá hluti hennar niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A 1.600.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. lag nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 31. janúar 2016 til 11. febrúar 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Kröfu brotaþola um skaðabætur á grundvelli I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 er vísað frá dómi.

Ákærði greiði 1.775.970 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Daníels Reynissonar lögmanns, 843.200 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Áslaugar Björgvinsdóttur lögmanns, 358.360 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola á rannsóknarstigi, Sigrúnar Jóhannsdóttur lögmanns, 421.600 krónur. Ákærði greiði útlagðan kostnað verjanda að fjárhæð 61.050 krónur.

Símon Sigvaldason.